



Ísafirði 26. október 2017

Til: Bæjarráðs Ísafjarðarbæjar

Efni: Viðræður um framtíð og rekstur Edinborgarhússins


Með undirritun samkomulags milli ríkisins og Ísafjarðarbæjar árið 2003 um endurbyggingu þriggja húsa á Ísafirði, sem skyldu verða menningarhús Vestfjarða á Ísafirði, var stigið mikið framfaraskref fyrir lista og menningarlíf á svæðinu. Samkomulag Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhússins ehf. tryggði uppbyggingu Edinborgarhússins sem eitt af þessum húsum.

Samningur Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhússins ehf. um menningarhús á Ísafirði, sem undirritaður var 19. maí 2006, rann út á síðasta ári. Við þetta urðu ákveðin tímamót í sögu hússins því segja má að uppbyggingu þess hafi formlega lokið.

Edinborgarhúsið ehf. og Menningarmiðstöðin Edinborg hafa frá upphafi haldið uppi öflugri menningarstarfsemi í húsinu. Framangreind tímamót eru þó tilefni til að huga að framtíð hússins og því hvernig tryggja megi að tilgangi uppbyggingarinnar sé náð með öflugri menningarstarfsemi til framtíðar.

Í samningi Ísafjarðarbæjar og Edinborgarhússins ehf. er skýrt kveðið á um að félagið „skuldbindur sig til þess að nýta húsið fyrst og fremst til lista- og menningarstarfsemi“ og þarf sérstakt samþykki Ísafjarðarbæjar til að húsið verði tekið til annarra nota. Þetta er einnig í samræmi við samkomulag menntamálaráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar um menningarhús á Ísafirði hvað viðvíkur Edinborgarhúsinu. Þessir skilmálar eru í samræmi við stofnsamþykktir Edinborgarhússins ehf. þar sem segir m.a. að tilgangur félagsins sé að starfrækja menningarstarfsemi í húsinu. Þetta er Edinborgarhúsinu ehf. því bæði ljúft og skylt.

Fyrir þremur árum tóku stjórnir Edinborgarhússins og Menningarmiðstöðvarinnar Edinborgar ákvörðun um að ráða rekstrar- og viðburðastjóra í fullt starf. Fram að því hafði rekstur hússins og viðburðarstjórnun verið í höndum hlutastarfsmanna eða á forráði stjórnar. Á þeim tímamarki þótti ljóst að húsið gæti ekki staðið undir nafni öðruvísi en að starfsmaður í fullu starfi sinnti hlutverki þess. Reynslan af þessari ráðningu hefur verið góð. Það er mat stjórnar að ófært sé að reka húsið til langs tíma með öðrum hætti án þess að vikið sé frá upphaflegum tilgangi uppbyggingarinnar.




edinborgarhúsið ehf


Stjórn og rekstrarstjóri hafa undanfarin misseri lagst yfir rekstur hússins. Sú vinna hefur leitt í ljós að reksturinn er tæplega sjálfbær til framtíðar í núverandi mynd. Framlög úr Uppbyggingarsjóði hrökkva skammt þótt umhverfið sé mun betra eftir að sjóðurinn tók upp rekstrarstyrki. Rekstrarstjóri Edinborgarhússins hefur farið þess á leit við Fjórðungssamband Vestfirðinga að það vinni greiningu á rekstrinum m.t.t. rekstrarumhverfis sambærilegra húsa annarsstaðar á landinu. Samhliða þessu hefur einnig farið fram vinna við að endurskipuleggja innra starf Edinborgarhússins ehf. og Menningarmiðstöðvarinnar Edinborgar með það að markmiði að skýra rekstur og tilgang hússins.

Með bréfi þessu óskar stjórn Edinborgarhússins ehf. eftir viðræðum við Ísafjarðarbæ um hvernig tryggja megi að markmiðunum með uppbyggingu hússins sé náð í ljósi samkomulags Ísafjarðarbæjar og ríkisins frá 2003 og samningi Edinborgarhússins ehf. og Ísafjarðarbæjar frá 2006. Stjórn Edinborgarhússins leggur höfuð áherslu á að í þeim viðræðum sé sérstaklega gætt að því hvernig tryggja megi að starfsemi hússins haldi áfram að blómstra svo sómi sé að fyrir Ísafjarðarbæ og Vestfirði alla. Stjórn lýsir því einnig yfir að hún er opin fyrir ýmsum útfærslum hvað þetta varðar.

F.h. Edinborgarhússins ehf.


Jón Sigurpálsson, stjórnarformaður


Gísli Jón Hjaltason


Ingi Björn Guðnason